



Borgarráð

***Skerjafjörður - lóðarvilyrði til Bjargs hses***

Óskað er eftir að borgarráð veiti Bjargi íbúðafélagi hses kt. 490916-0670, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík, lóðarvilyrði fyrir lóð sem heimili byggingu 100 íbúða í Skerjafirði með fyrirvara um gildistöku deiliskipulags sem heimili lóðaafmörkunina og staðfesti byggingarréttinn.

*Greinargerð:* Þann 12. mars 2016 gerðu ASÍ og Reykjavíkurborg viljayfirlýsingu um að Reykjavíkurborg myndi útvega lóðir fyrir byggingu 1000 leiguíbúða á næstu fjórum þar á eftir. Þegar hefur verið veitt vilyrði og úthlutað lóðum fyrir 489 íbúðir sem eru 89 íbúðir umfram það sem yfirlýsingin kveður á um fyrir árin 2016 og 2017. Á árinu 2018 átti að úthluta lóðum fyrir 300 íbúðir. Með þessu lóðarvilyrði hefur 189 íbúðum af þessum 300 íbúðum verið úthlutað eða veitt lóðarvilyrði fyrir það sem af er árið 2018.

Bjarg hses. er félag sem vinnur að uppbyggingu almennra leiguíbúða á grundvelli laga nr. 52/2016 og reglugerðar nr. 555/2016.

Skipulagssamkeppni var haldin um skipulag í Skerjafirði og er verið að vinna að deiliskipulagstillögu á grundvelli niðurstöðu samkeppninnar.

Óli Jón Hertervig